



Menntaskóli í tónlist

Ársskýrsla 2022–2023

MÍT ER EINSTAKUR SKÓLI

MÍT er einstakur skóli og eini tónlistarframhaldsskólinn á landinu. Í MÍT fara saman sköpunargleði, metnaður, ástríða og áhugi á tónlist. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám og persónulegan þroska hvers nemanda. Í skólanum kemur saman fjöldi nemenda á svipuðum aldri með fjölbreyttan tónlistarbakgrunn. Nemendur MÍT eiga það sameiginlegt hafa þegar náð umtalsverðri færni í hljóðfæraleik, söng og/eða tónlistarsköpun og vilja auka enn færni sína og þekkingu á sviði tónlistar. MÍT býður upp á nám á framhaldsskólastigi, en tekur einnig mið af aðalnámsskrá tónlistarskóla og er miðstöð tónlistarnáms í framhaldsstigi í hljóðfæraleik og söng.

Auk einkakennslu á hljóðfæri, söng og margskonar samspilskennslu er boðið upp á tugi ólíkra námsgreina á hverri önn – allt frá hefðbundnum tónlistarskólanámsgreinum á borð við tónlistarsögu og hljómfræði yfir í hljóðtækni, leiklist, kvikmyndatónsmíðar, verkefnastjórnun og spuna. Nemendur MÍT eru vel undirbúnir fyrir framhaldsnám í tónlist og halda margir nemendur áfram námi við tónlistarháskóla hérlendis og erlendis eða fara beint inn í hringiðu atvinnulífs tónlistar. Í MÍT verður til tengslanet og vinátta sem fylgir nemendum út lífið og er vísir að tónlistarlífi framtíðarinnar.

HLUTVERK MÍT

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt hágæða nám með aðaláherslu á tónlist og er opinn nemendum með ólíkan tónlistarbakgrunn.

Hlutverk skólans er að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist ásamt því að veita nemendum staðgóða menntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur. Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild, en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum. Einnig fer eftirspurn eftir starfskröftum í fjölbreytt störf innan tónlistarlífsins og tónlistariðnaðar stöðugt vaxandi. MÍT tekur markvisst þátt í þróun atvinnulífs tónlistar með því að mennta þátttakendur og sækjast eftir samvinnu og tengslum við aðila tónlistarlífsins.






MARKMIÐ

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður traustur grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf.

Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði, sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar og þannig dýpkað þekkingu sína. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og skapandi einstaklingar.

HVERT LEIÐIR MÍT?

MÍT útskrifar nemendur með öflugan tónlistargrunn, færni og þekkingu sem getur veitt aðgang að Listaháskóla Íslands, tónlistarháskólum erlendis eða jafnvel beint inn í hringið tónlistarlífsins. Einnig veitir stúdentspróf skólans aðgang að fjölbreyttu háskólanámi á sviði félags-, mennta- og hugvísinda.



NÁMSBRAUTIR MÍT



NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS (200 fein)

Stúdentsbrautir MÍT bjóða upp á spennandi nám til stúdentsprófs þar sem höfuðáhersla er á tónlist. Nemendur á stúdentsbrautum stunda almenna bóknámsáfangu við Menntaskólann við Hamrahlíð, eða aðra framhaldsskóla sem bjóða upp á nám við hæfi nemandans.

1. Stúdentsbraut – klassísk tónlist
2. Stúdentsbraut – rytmísk tónlist (jazz)
3. Stúdentsbraut – rytmísk tónlist (popplína)





NÁM TIL LOKAPRÓFS Á 3. HÆFNIÞREPI (150 fein)

Brautirnar henta þeim sem hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Námslok brautanna eru á 3. hæfniþrepi og opna leiðir inn í framhaldsnám á sviði tónlistar.

1. Almenn braut – klassísk tónlist
2. Almenn braut – rytmísk tónlist (jazz)
3. Almenn braut – rytmísk tónlist (popplína)

SKIPTING NEMENDA EFTIR BRAUTUM

Haust 2022

Alls stunduðu 194 nemendur nám við MÍT skólaárið '22-'23. Þar af stunda 57 nemendur nám á stúdentsbrautum skólans, 137 nemendur stunda nám á almennum brautum. 9 nemendur stunduðu að auki gestanám í fræðigreinum tónlistar.

| | |
|---|----|
| Klassísk tónlistarbraut (stúdent) | 19 |
| Rytmísk tónlistarbraut - popplína (stúdent) | 24 |
| Rytmísk tónlistarbraut (stúdent) | 14 |
| Klassísk tónlistarbraut (almenn) | 76 |
| Rytmísk tónlistarbraut-popplína (almenn) | 24 |
| Rytmísk tónlistarbraut (almenn) | 37 |



KENNDAR EINGAR 2022-2023

Heildarfjöldi eininga: 9925

Haustönn 2022

MÍT einingar alls: 4457

MH einingar alls: 502

Vorönn 2023

MÍT einingar alls: 4516


MH einingar alls: 450

STJÓRNUN OG SKIPULAG




STJÓRNUN OG SKIPULAG

Freyja Gunnlaugsdóttir gegnir starfi skólameistara MÍT. Haustið 2022 var Sólrún Sumarliðadóttir, sem áður hafði gengt starfi áfangastjóra ráðin í starf aðstoðarskólameistara. Frá og með áramótum var Andrés Þór Gunnlaugsson ráðinn í starf deildarstjóra rytmískrar deildar og Þóra Björt Sveinsdóttir í starf áfangastjóra.

Nýir stjórnendur hafa unnið að endurskipulagi skrifstofu, skipurit skólans hefur verið endurskoðað, starfslýsingar uppfærðar og skerpt á verkaskiptingu. Jafnframt hefur nýtt verklag verið innleitt varðandi fjármálastjórnun skólans og komið á nýjum verkferlum sem stuðla að aðhaldi og innra eftirliti. Mikil vinna hefur verið lögð í að lækka rekstrarkostnað skólans á síðustu tveimur árum og lögð hefur verið áhersla á að ná jafnvægi í rekstri skólans. Mikill rekstrarbati hefur átt sér stað síðustu tvö ár eins og sjá má í ársreikningi skólans.



SKIPURIT MÍT



STARFSFÓLK

Starfsfólk við skólann á
haustönn 2022 voru alls
84 í 29,2 stöðuhlutföllum.
52% starfsfólks voru
karlar en 48% konur.





STJÓRN MÍT

Ólafur Óskar Axelsson,
stjórnarformaður

Gunnar Kvaran Hrafnsson

Ari Daníelsson

Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir

Varamenn

Birna Hallgrímsdóttir


Sólrún Sumarliðadóttir



STEFNUMÓTUN OG SJÁLFSMAT

SJÁLFSMAT OG EFTIRFYLGNI

Skólaárið 2022–2023 var lögð áhersla á að kanna viðhorf nemenda til námsins á skólaárinu og að ná bæði utan um bóklegar greinar og einkakennslu en bróðurpartur hljóðfæra-/söngkennslunnar fer fram í einkatímum. Lagðar voru fyrir tvær kannanir – ein á hvorri önn. Svarhlutfall var 33% á haustönn en 20% á vorönn. Einnig var lögð könnun fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins þar sem viðhorf til vinnustaðarins og skólaþróunar voru könnuð. Skólinn bauð starfsfólki upp á ýmis konar fræðslu og námskeið á þessu skólaári. Á haustönn fékk starfsfólk fræðslu frá Stígamótum og á vorönn var boðið upp á námskeiðið *Öflug liðsheild og jákvæð vinnustaðarmenning*. Sjálfsmatsskýrsla er gefin út árlega að hausti og birt á heimasíðu skólans. Skólinn starfar einnig skv. 3 ára starfsáætlun með aðgerðaáætlun sem fylgt er eftir árlega. Núgildandi starfsáætlun nær yfir árin 2021–2024.



JAFNRÉTTISÁÆTLUN MÍT

Jafnréttisáætlun MÍT var samþykkt af Jafnréttisstofu og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vorið 2021 og gildir til 2024. Jafnréttisáætlun Menntaskóla í tónlist byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á annars vegar um skólann sem vinnustað og hins vegar um skólann sem menntastofnun. Skólinn hefur markvisst unnið að markmiðum áætlunarinnar, m.a. með fræðslufundum og námskeiðum fyrir starfsfólk skólans og hóf haustið 2022 vinnu við jafnlaunavottun með aðstoð vottunaraðila (iCert).





SKÓLASTARF

Tónleikar, próf og viðburðir

SKÓLAÞRÓUN

Mikil áhersla hefur verið lögð á nýsköpun í skólastarfi. Skólinn bætti við tveimur nýjum námsbrautum á sviði popptónlistar haustið 2020, en mikil aðsókn hefur verið á þær brautir síðan þá. Áfangaframboð er í stöðugri þróun og leitast við að valáfangar endurspegli þróun í tónlistarlífinu. Dæmi um nýlega áfanga eru kvikmyndatónsmíðar, upptökustjórn, raftónlist og lagasmíðar sem mælst hafa mjög vel fyrir meðal nemenda og kennara. Með þessu hefur skólinn brugðist við áhuga og eftirspurn nemenda og nú geta þeir lagt enn betri grunn að framhaldsnámi og sérhæfingu á hinum ólíku sviðum tónlistarinnar sem vænleg þykja til atvinnusköpunar á komandi árum. Skólinn hefur frá upphafi leitast við að bjóða upp á einstaklingsmiðað nám og standa fjölbreyttar leiðir til boða.

Skólahúsnæði rymískrar og klassískrar deildar er staðsett á tveimur stöðum í borginni sem hefur gert það af verkum að nemendur klassísku og rytmísku deildarinnar hittast lítið. Til að bregðast við við þessu var gerð sú breyting að nú eru allir fyrstaársnemar á stúdentsbrautum saman í tímum í Skipholti á föstudagsmorgnum og fram eftir degi. Þetta hefur gefið góða raun og ýtt undir tengsl milli nemenda á ólíkum brautum skólans.

Það er nýlunda á þessu skólaári að haldnir eru reglulegir fundir með útskriftarnemendum þar sem þeim er boðið upp á námskynningar og ýmislegt sem viðkemur því að vera á lokaári náms. Einnig er þetta gert í því skyni að þjappa útskriftarhópnum saman og undirbúa útskriftarhátíð skólans sem haldin er á vorin.

VIÐBURÐIR – RYTMÍSK DEILD

Haustönn hófst á tónleikum MÍT á Djasshátíð Reykjavíkur þar sem nemendur deildarinnar komu fram. Haldnar voru tvær söngsýningar í rytmísku deildinni; tónleikar til heiðurs Tómasi R. Einarssyni á haustönn og og afmælistónleikar til heiðurs Amy Winehouse, sem hefði orðið fertug á þessu ári, á vorönn. Báðar sýningar tókust mjög vel og endurspegluðu fjölbreytileikann í nemendahópnum. Efnt var til góðs samstarfs við nemendur MÍT í verkefnastjórnun og nemendur í kvikmyndagerð í Borgarholtsskóla sem tóku upp tónleikana og sinntu kynningarmálum.





VIÐBURÐIR – RYTMÍSK DEILD

Stórsveit skólans hélt tvenna tónleika á árinu og fjölmargir samspilstónleikar áttu sér stað á haust og vorönn. Einnig stóð rytmísk söngdeild fyrir nýárstónleikum og vortónleikum, nemendur deildarinnar komu fram á framhaldsskólakynningunni Mín framtíð í Laugardalshöll og spænskri hátíð í Veröld. Sameiginlegir tónleikar klassískrar og rytmískrar deildar voru tvennir á árinu – annars vegar jólatónleikar í Dómkirkjunni og hins vegar tónlistarveisla í Fríkirkjunni á vorönn. Margir samspilshópar og einleikarar úr rytmísku deildinni hafa einnig komið fram við ýmis tilefni fyrir hönd skólans á menningarhátíðum og viðburðum fyrir félagasamtök, ráðuneyti og sendiráð. Nemendur deildarinnar tóku einnig virkan þátt í tónlistarlífinu, m.a. með þáttöku í Idol, Söngvakeppni RÚV og í Músíktílaunum og víða annars staðar.



VIÐBURÐIR – KLASSÍSK DEILD

Fjöldmargir tónleikar voru haldnir á vegum klassískrar deildar MÍT á skólaárinu '22-'23 bæði innan skóla og í tónleikasölum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Alls voru tónleikarnir 91 talsins, og ljóst að nemendur deildarinnar fá góða þjálfun í að koma fram.

Vikulegir þriðjudagstónleikar voru haldnir í sal skólans í Skippholti og fjöldmargir hljóðfæradeildatónleikar. Utan skólans voru haldnir fernir kammermúsíktónleikar í Safnahúsinu, símfóníuhljómsveit skólans, SMÍT, hélt tónleika á haustönn, orgeltónleikar voru haldnir í Háteigskirkju, málmbláساسveit og flautukór héldu tónleika í ráðhúsi Reykjavíkur og í Hörpu og píanó- og strengjadeildir héldu tónleika í Hannelsarholti og Safnahúsi.

VIÐBURÐIR – KLASSÍSK DEILD

Sameiginlegir tónleikar klassískrar og rytmískrar deildar voru tvennir á árinu – annars vegar jólatónleikar í Dómkirkjunni og hins vegar tónlistarveisla í Fríkirkjunni á vorönn.

Haldnir voru tvennir píanótónleikar í samstarfi við LHÍ á skólaárinu, nemendur skólans komu fram á

Unglistartónleikum, Nótunni og konsertkeppni Nótunnar, þar sem fjórir nemendur tóku þátt og þrír af þeim sigruðu og munu þar af leiðandi koma fram sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Sjö masterklassar voru haldnir á vegum deildarinnar, sumir þeirra í samstarfi við SÍ, en þar nutu nemendur skólans leiðsögn ýmissa hljóðfæraleikara sem njóta alþjóðlegrar velgengni.



VÖRÐU-, ÁFANGA- OG LOKAPRÓF

Rytmísk deild

Grunnpróf: 10

Miðpróf: 9

Framhaldspróf: 13

Vörðupróf 1: 4

Vörðupróf 2: 1

Klassísk deild

Grunnpróf: 3

Miðpróf: 3

Framhaldspróf: 14

Vörðupróf 1: 0

Vörðupróf 2: 11

**Lokapróf af almennum brautum (önnur
lokapróf á 3.hæfniprepi): 36**

Lokapróf af stúdentsbrautum: 8

ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR

Glæsilegur hópur nemenda lauk stúdents- og lokaprófi á 3.hæfniprepi af almennri braut frá skólanum nú í vor, en útskriftir af brautum skólans voru rúmlega 40 á skólaárinu. Útskriftar- og framhaldsprófstónleikar voru fimmtíu talsins og efnisskrár þeirra spönnuðu alla tónlistarsöguna og ólíkustu tónlistarstíla. Mikið af frumsaminni tónlist var flutt á tónleikunum og greinilegt íslenskt tónlistarlíf þarf ekki að kvíða framtíðinni. Margir efnilegir hljóðfæraleikarar, söngvarar, tón- og lagasmiðir og aðrir tilvonandi þátttakendur í tónlistarlífi landsins útskrifuðust frá MÍT í vor og þau munu taka þátt í að byggja upp íslenskt tónlistarlíf á komandi árum.



HVAÐ TEKUR VIÐ EFTIR ÚTSKRIFT FRÁ MÍT?

Skv. Könnun sem lögð var fyrir útskriftarefni vorið 2023 stefnir stór hluti, um 70% þeirra sem svöruðu, að framhaldsnámi í tónlist í haust, ýmist við LHÍ eða tónlistarháskóla erlendis. Mörgum nemendanna hefur verið boðið námspláss við virta tónlistarháskóla erlendis á borð við Royal College of Music í London, Berklee College of Music (USA), Koninklijk Conservatorium den Haag (NL), Eastman (USA), Oberlin (USA), Konunglega danska tónlistarháskólann (DK) og Hochschule für Musik und Tanz í Köln (DE) og verður spennandi að fylgjast með vegferð þeirra á næstu árum. Aðrir nemendur sjá fyrir sér að fara beint að vinna við tónlist að loknu námi við tónlistarkennslu, tónlistarflutning, tónsmíðar, hljóðtæknitengdar greinar, umboðsmennsku, bókun og fleira.

HÚSNÆÐISMÁL MÍT

MÍT býr að miklum mannauði, bæði nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans en það kemur sífellt skýrar í ljós hversu aðkallandi það er að skólinn komist undir eitt þak í húsnæði sem hentar starfseminni. Klassísk og rytmísk deild skólans eru staðsettar annars vegar í Skipholti og hins vegar Rauðagerði sem gerir það að verkum að nemendur og kennarar deildanna tveggja hittast lítið eða ekkert, og hluti nemenda þarf að ferðast milli borgarhluta til að sinna námi sínu. Auk þess eru almennar bóknámsgreinar á stúdentsbraut kenndar við Menntaskólann í Hamrahlíð, svo nemendur á stúdentsbrautum þurfa að sækja tíma á þremur stöðum. Húsnæðið í Rauðagerði er mikið samnýtt með tónlistarskóla FÍH og stéttarfélagi FÍH og er orðið mjög þröngt um skólastarfið þar.

Mikill hluti skólastarfsins fer fram í einkatímum og því enn mikilvægara en í hefðbundnu framhaldsskólanámi að hlú að skólaanda og félagslegum þáttum skólastarfsins sem meðal annars húsnæði hefur mikil áhrif á. Skólastjórnendur leggja nú allt kapp á að koma skólanum í hentugt húsnæði sem fyrst. Ljóst er að sú gerjun og gróska sem möguleg er í skörun milli klassískrar og rytmískrar deildar mun ekki ná flugi fyrr en skólanum hefur verið fundið hentugt og gott húsnæði og deildir skólans hafa verið sameinaðar undir eitt þak.

FÉLAGSSTARF NEMENDA

Skólaárið 2022–23 var viðburðaríkt fyrir nemendafélagið. Í júlí fyrir skólabyrjun stóð félagið fyrir útilegu eins og undanfarin ár sem heppnaðist vel. Í upphafi skólaársins var haldið vel heppnað busakvöld, fulltrúar félagsins fóru fyrir hönd MÍT á landsþing SÍF og tóku þátt í fræðandi og skemmtilegu starfi. Haldnir voru margir og fjölbreyttir viðburðir á skólaárinu – bókquöld, föndurstundir, djammsessjón og lagasmíðakeppni svo eitthvað sé nefnt. Nemendafélagið sendi einnig keppanda í Söngkeppni framhaldsskólanna.

Mikil sorg var þegar tónleikastaðurinn Skuggabaldur hætti störfum og NFMÍT og NFFÍH höfðu engan stað til að halda djammsession í um hálf t. ár. Nýstofnað foreldraráð MÍT kom þá til bjargar og komu stjórn nemendafélagsins í samband við Stúdentakjallarann. Þar voru haldin djammsession á vorönn. Nemendafélagið tók ekki þátt í MORFÍs og Gettu Betur í ár en fráfarandi stjórn vonar að komandi stjórn farnist betur í þeim verkefnum.



FORELDRASAMSTARF

Kosið var í nýja stjórn foreldrafélags MÍT haustið 2022. Tilgangur foreldraráðs er að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast við að bæta jafnt almenn skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og almenns þroska. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars:

- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda.
- Að auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólstarfinu.
- Að stuðla að góðu samstarfi foreldra og forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega, bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.

SAMSTARFSVERKEFNI

Skólastjórnendur hafa sett þá stefnu að auka markvisst samstarf við aðra skóla, stofnanir og tónlistarhátíðir.

Náið samstarf Menntaskólans við Hamrahlíð og MÍT heldur áfram, bæði um aðgengi MÍT nemenda á stúdentsbraut að kjarnaáföngum í MH, en einnig að félagslífi, kórstarfi og stoðþjónustu. Einnig er hafin samvinna við Fjölbautarskólann í Ármúla, en hluti nemenda á stúdentsbrautum stundar almenna bóknámsáfangar þar. Samstarf við tónlistarskóla FÍH heldur áfram, m.a. um masterklassa og aðra þætti skólastarfsins í rytmísku deildinni.

Vel heppnað samstarf MÍT og Borgarholtsskóla heldur áfram, en nemendur í verkefnastjórnun hafa unnið með nemendum Borgarholtsskóla í grafískri hönnun og kvikmyndun að verkefnum tengdum sönguppfærslu rytmískrar deildar á vorönn.

Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands var eflt með formlegum hætti, en MÍT er nú skilgreindur sem "heimaskóli" SÍ. Samstarf er um ýmislegt sem tengist Ungsveit SÍ, masterklassa, tónleikasókn nemenda, heimsóknir nemenda á æfingar SÍ og samvinnun verkefna í MÍT áföngum við starf sinfóníunnar.

SAMSTARFSVERKEFNI frh.

- Samstarf við LHÍ jókst á árinu, en skólarnir stóðu m.a. sameiginlega að ráðstefnum, nemendatónleikum, masterklössum og áttu einnig samstarf um kammertónlistarkennslu. Einnig höfum við tekið á mótí kennaranemum í æfingakennslu og áhorf bæði frá kennaradeildum LHÍ og Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Gott samstarf var við Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar um samspil nemenda, en skólahljómsveitum bauðst að senda langt komna nemendur í kammertónlistaráfanga MÍT.
- Skólaárið hófst á tónleikum nemenda á Djasshátíð Reykjavíkur, en til stendur að það verði árlegur viðburður að lengra komnir nemendur MÍT komi þar á sérstökum MÍT viðburði. Nemendum stendur einnig til boða að að koma að hátíðinni sem sjálfboðaliðar gegn því að fá aðgang að tónleikum, masterklössum og öðrum viðburðum hátíðarinnar.
- Samstarf við Myrka músíkdaga og Norræna músíkdaga hélt áfram í vetur, og vonast er til að virkja samstarf við enn fleiri stofnanir og aðila í tónlistarlífinu í náginni framtíð.
- Kannaðir verða möguleikar á samstarfi við sambærilega tónlistarframhaldsskóla erlendis á næsta skólaári.
- Skólinn fékk styrk úr uppbyggingarsjóði EES til að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum og það verður því áframhald á því góða samstarfi sem skólinn hefur átt við tónlistarskóla bæði í Noregi og í Póllandi á síðustu árum.

LOKAORÐ


Nú er MÍT að ljúka sínu sjötta starfsári. Mikil uppbygging og nýsköpun í skólastarfi hefur átt sér stað á þessum tíma þó skólastarfið sé enn í sífelldri mótnun. Smám saman hefur skólinn fest rætur og gegnir nú þegar lykilhlutverki í tónlistarmenntun á Íslandi.

Í skólanum koma saman um 200 nemendur sem allir leggja stund á tónlist af ástríðu og áhuga. Fjölbreytt námsframboð skólans gefur þeim tækifæri á einstaklingsmiðuðu námi þar sem þau geta mótað námið að eigin áhugasviði og hæfileikum. Kennarar og starfsfólk skólans hafa lagst á eitt við að byggja upp faglegt og jákvætt lærdómssamfélag þar sem nemendur fá að þroskast og vaxa sem manneskjur og tónlistarfólk.

Skólinn stendur vissulega frammi fyrir krefjandi áskorunum, þar er ekki síst mikilvægt að koma skólanum undir eitt þak svo skólinn geti orðið sú heilsteypta menntastofnun í tónlist sem stefnt er að með öflugri klassískri og rytmískri deild undir sama þaki.

Stjórnendur skólans og kennaralið vinnur samhent og af heilum hug að því að byggja upp enn sterkari framhaldsskóla sem mun festa sig í sessi til framtíðar sem lykilstofnun í íslensku tónlistarlífi.





Menntaskóli í tónlist



Skipholti 33, 105 Reykjavík

menton@menton.is

S: 589 1200

www.menton.is

Ljósmyndir: Thelma Arngrímsdóttir